

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 7, 11. janúar 1935, um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl.

4. gr. reglugerðar nr. 7, 11. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl., hljóði svo:

Áður en ferming útflutningsvara á sér stað, skulu útflytjendur afhenda lög-reglustjóra eða umboðsmanni hans, í Reykjavík tollstjóra, skriflega yfirlýsingu um eftirgreind atriði varðandi hinar útfluttu vörur:

1. Tölu, magn og tegund varanna.
2. Söluverð, ef sala hefir átt sér stað, annars áætlað fob.-verð varanna.
3. Allan kostnað, sem vegna útflutnings varanna er greiddur hér, svo sem flutningsgjald, váttryggingu og umbúdir.
4. Ákvörðunarstaði varanna.
5. Nöfn og heimili viðtakenda.
6. Hvar og hvernig vörurnar séu greiddar eða eigi að greiðast:
 - a. Ef andvirði varanna er greitt fyrirfram, skulu útflytjendur leggja fram vottorð frá bönkunum um, að erlenda gjaldeyrinum hafi verið skilað til bankanna hér.
 - b. Ef andvirði varanna eða hluta af því er ráðstafað eða á að ráðstafa samkvæmt sérstakri heimild gjaldeyris- og innflutningsnefndar, skulu útflytjendur leggja fram heimildarskjal þar að lútandi.
 - c. Ef andvirði varanna, allt eða að einhverju leyti, er væntanlegt síðar, skulu útflytjendur tilgreina, hvenær og í hvaða banka erlendi gjaldeyririnn sé væntanlegur, svo og, af hverjum honum verði skilað þangað.

Yfirlýsingu þessari, sem skrá skal á þar til gerð eyðublöð, skulu ávallt fylgja afrit af farmskirteinum og sölureikningum yfir vörurnar, ef sala hefir farið fram. Hafi sala hinsvegar ekki farið fram eða útflutningsvörur eru sendar í umboðs-sölu, skulu útflytjendur undirrita skuldbindingu um að afhenda gjaldeyris- og innflutningsnefnd afrit sölureiknings jafnskjótt og sala hefir farið fram. Séu vörur greiddar með íslenskum gjaldeyri, skulu fylgja skilríki frá gjaldeyris- og innflutningsnefnd eða bönkunum, er sýni, að gjaldeyrisins hafi verið aflað þannig, að eigi brjóti í bága við löginn um gjaldeyrisverzlun og reglugerð þessa.

Auk þeirra skyldna, sem samkvæmt framansögðu eru lagðar á útflytjendur, skulu og skipstjórar eða afgreiðslumenn gera farmskrá yfir allar þær vörur, sem skip tekur til útflutnings á hverri höfn, og afhenda þau, áður en skipið leggur úr höfn, lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, í Reykjavík tollstjóra, og skal á farmskránni standa tala, magn, tegund og merki varanna, nöfn sendenda og móttakenda, svo og á hana ritað vottorð, undirritað af skipstjóra og, ef um stykkjavöru er að ræða, einnig af afgreiðslumanni, um, að skipið hafi ekki tekið frá umræddri höfn aðrar eða meiri útflutningsvörur en á farmskránni greinir.

Einnig skal skipstjóri afhenda á síðustu höfn, er skipið tekur vörur til útflutnings, lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, í Reykjavík tollstjóra, heildarfarmskrá yfir allar vörur, sem skipið hefir tekið til útflutnings hér á landi í umræddri ferð, og skal á hana ritað vottorð, undirritað af skipstjóra, um, að í skipinu séu ekki aðrar eða meiri útflutningsvörur en á heildarfarmskránni greinir.

Framangreind skjöl skal lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, síðan tafarlaust senda gjaldeyris- og innflutningsnefnd.

Reglugerð þessi öðlast gildi 20. ágúst n. k. og birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 27. júlí 1936.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

S A M Þ Y K K T

um viðauka við samþykkt um lokunartíma sölubúða í Vestmannaeyjakaupstað frá 12. apríl 1921.

Svo hljóðandi viðauki bætist aftan við 2. grein samþykktarinnar, sbr. samþykkt 10. apríl 1931:

Á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skal öllum sölubúðum lokað á virkum dögum frá kl. 12½—3½ e. h.

Brauð- og mjólkursölubúðir skulu vera opnar eins og hér segir: Alla virka daga frá kl. 9 f. h. til kl. 7 e. h., nema á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skal þeim lokað frá kl. 12½—3½ e. h. eins og öðrum sölubúðum.

Á helgum dögum skulu þær vera opnar frá kl. 9 f. h. til kl. 1 e. h. og frá kl. 6—7 e. h.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17, 1. febrúar 1936, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

56

27. júlí

57

31. júlí